

Ed.

209. Frumvarp til laga

[4. mál]

um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. des.)

Samhljóða þskj. 4 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Oliúsjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Tekjur sjóðsins skulu vera af sérstöku útflutningsgjaldi, sem hér segir:

- a) 4% af fob-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en saltfisks, skreiðar, lagmetis og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
- b) 5.5% útflutningsgjald af fob-verði útflutnings saltfisks og skreiðar.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

5. gr. hljóðar svo:

1. til 3. tl. 2. gr. laga nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

1. kr. 2 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. kr. 4 200.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa — saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. kr. 4 750.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum — frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. — Nemi gjald samkvæmt töluliðum 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
4. Í stað „kr. 500.00“ í niðurlagi 6. tl. 1. mgr. 2. gr. 1. nr. 19/1973 komi: 1 300.00.

9. gr. hljóðar svo:

Fé það, sem kemur á reikning rikissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 78/1974 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslur skv. liðum a., b. og c. í þeirri lagagrein, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a. Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa 600 millj. kr. Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ráðstafa allt að 400 millj. kr. af þessari fjárhæð til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu fyrirtækja.
- b. Óafturkræft framlag til bátaflotans vegna rekstrarerfiðleika á árinu 1974 til 15. september 250 millj. kr.
- c. Óafturkræft framlag til skuttogara til að bæta rekstrarafkomu þeirra 230 millj. kr.
- d. Til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna fiskmjöls annars en loðnumjöls, sem framleitt var á tímabilinu 1. janúar til 31. ágúst 1974, enda komi allt fiskmjöl til verðjöfnunar í deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja 50 millj. kr.

- e. Til að verðbæta lífeyrisgreiðslur aldraðra, sem fá greiddan lífeyri úr lífeyris-sjóði sjómanna 15 millj. kr.
- f. Til orlofshúsa sjómannasamtakanna 11 millj. kr.
- g. Eftirstöðvar til ráðstöfunar samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsráðu-neytisins.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar grein-ar og greiðslutíma framlaga.

Ákvæði til bráðabirgða hljóðar svo:

- I. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna óselds loðnumjöls af fram-leiðslu ársins 1974 samkvæmt reglum, sem sjóðsstjórnin setur að fengnu sam-þykki ráðherra.
- II. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt l. nr. 19/1973 af salt-sild og saltsildarflökum, sem framleidd eru á árinu 1974.